

1873.

8. ágúst.

stjóra hafa orðið fyrir tjóni af sandfoki:

1. Sigurði Sigurðssyni á Eystri Dalbæ 20 ál.
2. Jóni Jónssyni á Uppsölum 8 —
3. Ólafi Ólafssyni í Fagurhlíð 16 —

er hver alin af öðrum helmingnum eins og sjálf landskuldin talin 8 sk. virði, en af hinum er hvert álnavirði talið eptir meðalverði verðlagsskrárinnar á ull, smjöri og tólgi.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þér birtið það, að stjórnarráðið eptir atvikum veitir það, sem sókt er um.

8. ágúst.

67. Bréf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um fangavörð við hegningarhúsið í Reykjavík.

Í bréfi, dagsettu 12. f. m., hafið þér, herra landshöfðingi, látið í ljósi, að þér værið samdóma stjórnarráðinu um, að sami maðurinn skyldi vera fangavörður, verkstjóri og ráðsmaður við hegningarhúsið á Íslandi, og skýrt frá, að það muni nauðsynlegt, að fá til þessa áreiðanlegan mann, sem sè Íslendingur, og skuli honum gjört að skyldu, áður en hann taki við, að takast á hendur á komanda vetri undirumsjónarmanns þjónustu í einhverju hegningarhúsi í Danmörku, til þess að kynna sèr störf þau, sem hann eigi að taka að sèr, og skuli honum endurgoldinn ferðakostnaðurinn fram og aftur.

Um leið og þér þar að auki hafið mælt með því, að hegningarhúsið sjálft skuli bera kostnaðinn við ráðsmennskuna, hafið þér að endingu stungið uppá, hvernig þá skuli haga launum umsjónarmannsins.

Eptir að stjórnarráðinu hafði borizt þetta álit yðar, mæltumst vèr til, að fá álit fangelsisskrifstofunnar um málið, og er í því áliti sömuleiðis sú skoðun látin í ljósi, að það sè hagfellt, að

1873.

8. ágúst.

sami maðurinn sè fangavörður, verkstjóri og ráðsmaður, vegna þess hvernig tilhagar á Íslandi, en aptur á móti þykir eigi ráðlegt, að hið opinbera greiði kostnaðinn við ráðsmennskuna einsog þær hafið stungið uppá, eða verkstjórnina, með því það mundi örðugt, að fá til þessa hæfilegan mann, sem um leið væri fær um að halda reikninga á þá leið, að hægt væri að hafa umsjón þá, er með þarf. Þessari umsjón yrði að því leyti, er verkstjórnina snertir, að vera komið fyrir á þá leið, að sjá mætti hvenær sem vera skyldi: a. hve miklar eptirstöðvar væri til af ýmsum verkefnum; b. hvað verið væri að vinna, og c. hvað væri tilbúið, og enn fremur hvað hver fangi hefði unnið og ætti óeytt, en að því leyti, er ráðsmennskuna snerti, yrði eptirlitið að vera svo háttað, að hæglega mætti sjá, hvað til á að vera af hverju fyrir sig; skyldi þar hver hlutur ritaður sèr í bók, og öðrum megin talið upp það, sem keypt væri að, og hinum megin það, sem eytt væri samkvæmt reglugjörðinni og tölu fanganna. Það þykir enn fremur vera efunarmál, hvort bæjarfógetinn í Reykjavík þá ætti hægt með að koma þessari umsjón við, sem yrði mjög umsvifasöm, með því hann yrði jafnaðarlega að vera viðstaddur í fangelsinu, sumpart til þess að gefa föngunum kost á að segja til, ef þeir kynni að hafa eitthvað að kvarta yfir, sumpart til þess að hafa umsjón með bókfærslunni, og enn fremur yrði hann að hafa eptirlit með kaupum, þegar útvega skyldi bæði verkefni og búföng. Fangelsis-skrifstofan hefir því stungið uppá, að einn maður takist á hendur verkstjórn og ráðsmennsku fyrir ákveðið kaup, — en það hefir að því leyti, er verkstjórn snertir, reynzt hér í Danmörku arðsamast —, og skyldi þessar sýslanir, ef hægt væri, fengnar í hendur fangaverðinum, með því móti, að arðurinn af vinnunni skyldi vera nokkur hluti launa hans, eða þá einhverjum öðrum, á þann hátt, að þeir að því leyti, er vinnuna snertir, skyldu borga ákveðna upphæð fyrir hvern fanga, eða fyrir það, sem unnið væri, eptir máli og vikt, og að því leyti, er ráðsmennsku snertir, þá fyrir hvern fanga daglega borgun. Þar að auki var það álitid svo sem sjálfsagt, að stjórn hegningarhússins skyldi hafa heimild til, að banna alla þá vinnu, sem hlotizt gæti af hætta fyrir reglu í hegningarhúsinu, hvort sem verkstjórn yrði

1873.

8. ágúst.

faðin á hendur fangaverðinum eða öðrum, en að því leyti, sem þér, herra landshöfðingi, höfðuð mælt á móti því, að fela fangaverðinum á hendur að sjá fyrir viðurværi handa fongunum, þar sem hann eigi mundi geta keypt mikinn forða að í einu, sem því mundi verða honum dýrari, og jafnframt lakari, er þess getið, að síður mun á þessum annmarka bera, ef kaupin yrði gjörð fyrir hönd hegningarhússins sjálfs, og svo þau fong, sem keypt væri, yrði fengin fangaverðinum í hendur sem borgun fyrirfram, og skyldi hann svo gjöra reikning við og við. Að endingu hefir fangelsisskrifstofan látið í ljósi, að ekkert mundi vera því til fyrirstöðu, að fangavörður sá, sem skipaður yrði, kæmist að á hegningarhúsi hér, til þess að kynna sér störf þau, sem yrði stöðu hans samfara, og er álitð, að hegningarhúsið í Vèbjörgum sè best til fallið, með því þar eru bæði fangar, sem sitja saman, og fangar, sem eru í kompum sér, og vinnan þar að nokkru leyti er tóvinna. Það umsjónarmennirnir í Vèbjörgum fá eigi viðurværi í hegningarhúsinu, yrði sá, sem í hlut á, sjálfur að sjá fyrir því, en það mun kosta 1 rd. á dag; aptur á móti má við því búast, þótt eigi verði sagt með vissu, að honum verði útvegaður bústaður í hegningarhúsinu, en það kemur eigi til tals, að honum verði veitt laun.

Af þeim ástæðum, sem fangelsisskrifstofan hefir borið upp, verður stjórnarráðið að álíta það síður hagfellt, að verkstjórn og ráðsmennska gangi á kostnað af opinberu fè, en það þykir eiga betur við, að hvorttveggja sè falið fangaverðinum á hendur, þannig, að ágóðinn gangi upp í laun hans eða yrði talinn með þeim. Áður en fullnaðar ákvörðun verður gjörð um þetta, mælumst vèr samt til, að þér, herra landshöfðingi, látið til enn álit yðar, og skal því bætt við, að sá, sem skipaður verður fangavörður, má búast við að fá 200 rd. styrk til kostnaðar við ferðina hingað og 4 mánaða veru við hegningarhúsið í Vèbjörgum í fyrnefndu skyni.